

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Stjórnugrís hf. Melar, Hvalfjarðarsveit



<b>Dags eftirlits</b>	24.8.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Stjórnugrís hf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Melar, Hvalfjarðarsveit	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	6006670179	<b>Flokkur</b>	Pauleldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Geir G. Geirsson	<b>ÍSAT nr.</b>	01.46.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar með starfsleyfi Stjórnugrís hf. sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands 4. júlí 2011. Fram komu 7 frávik frá starfsleyfi og einni ábendingu er komið á framfæri.

### UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á fundi þar sem farið var yfir rekstur bússins m.t.t. starfsleyfisskilyrða. Leyfið gildir fyrir pauleldi á allt að 8000 fráferslugrísnum sem eru 30 kg. og yfir. Skv. rekstraraðila eru einnig á búinu um 4-5 þús. grísir milli 7-30 kg. sem koma frá gylltubúum fyrirtækisins.

Rætt var um spilliefni á svæðinu en að sögn rekstraraðila er það helst maurasýra sem er blandað í fóðrið til að minnka sýrustig þess til að minnka smíthættu frá fóðurbliðndunni.

Rætt var um olíutanka á svæðinu en skv. grein 2.5 í starfsleyfisskilyrðum þurfa þeir að vera búnir lekavörn, auk þess þurfa þeir að uppfylla kröfur um neyslugeyma í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun vegna starfsemi í landi. Geymar í dag uppfylla ekki þau skilyrði.

Rætt var um geymslu og dreifingu svínamykju. Á búinu eru tvær safnþrær fyrir svínamykju og skv. grein 2.8 í starfsleyfi skulu þær vera yfirbyggðar, þéttar og þannig að gengið sé frá þeim að ekki leki úr þeim út í umhverfið. Fremri safnþró er ekki yfirbyggð og við skoðun á hinni safnþrónni kom í ljós að flætt getur upp úr eftir dælingu. Að sögn rekstraraðila rúma safnþrær á búinu um 14. þús tonn af mykju og standist því skilyrði í grein 2.7 þar sem safnþrær skuli rúma a.m.k. 6 mánaða birgðir. Við dreifingu er fellt svínamykja í svörðinn og er köfnunarefnisinnihald skítsins mælt á ca. 3 ára fresti.

Eftir fund var farið í skoðunarferð um svæðið. Olíutankar á svæðinu uppfylla ekki kröfur olíureglugerðar og þarf rekstraraðili að hafa samband við söluaðila tankanna. Birgðir af tónum körum maurasýru fyrir síðustu tvö ár eru á milli húsa auk númerslausrar bifreiðar ótengd rekstri. Núverandi geymsla á maurasýru var þá ekki í samræmi við öryggisblað efnisins. Farið var að safnþróum fyrir svínamykju og þær skoðaðar ásamt búnaði sem aðskilur þurrhluta frá blauthluta mykjunnar.

#### Frávik frá

grein 1.3

#### Lýsing á fráviki

Leyfið gildir fyrir pauleldi á fráferslugrísnum 30 kg og yfir í svínahúsum þar sem ekki skuli hýst fleiri en 8000 grísir samtímis. Einnig eru til staðar á búinu um 4-5 þús. grísir sem vega minna en 30 kg. Umhverfisstofnun telur starfsleyfið ekki heimila fleiri en 8000 grísi samtímis á búinu óháð þyngd þeirra.

grein 2.5 og reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi

Olíutankar eða geymar skulu búnir lekavörn skv. grein 2.5 í starfsleyfi. Uppfylla þarf einnig skilyrði í reglugerð hvað varðar öruggar mengunar-, áreksturs-,eld- og slysavarnir.

grein 2.1

Birgðir af tónum körum maurasýru fyrir síðustu tvö ár og bifreið ótengd rekstri standa á milli húsa. Draga skal með skipulögðum hættu úr myndun úrgangs og ekkert geymt á lóð ótengt rekstri.


- grein 2.4 Hættuleg efni og efni sem verða að spilliefnum skal geyma og meðhöndla af sérstakri varúð. Í hluta 7 í öryggisblaði fyrir 78% maurasýru eru öruggar geymsluaðstæður skilgreindar sem þurr, kaldur, loftræstur staður og frá sólskini. Fullur bambi af maurasýru var geymdur utandyra við öruggar aðstæður.
- grein 3.2 Hirða á sorpi og öðrum úrgangi af hvaða tagi sem er skal vera regluleg og engu safnað upp þannig að óþrif hljótist af. Nokkuð magn af ónýtu hráefni í fóðurblöndu var búið að koma fyrir á milli bús og safnþróa. Urðun á svæðinu er óheimil.
- grein 2.8 Safnþrær skulu yfirbyggðar, þéttar og þannig frá þeim gengið að ekki leki úr þeim út í umhverfið. Fremri þró er ekki yfirbyggð.
- grein 2.14 Bundið slitlag með niðurfalli skal vera við dyr þar sem afhending dýra fer fram. Eitt af húsunum uppfyllir ekki þær kröfur.

#### **ATHUGASEMDIR**

Umhverfisstofnun óskar eftir grænu bókhaldi rekstraraðila fyrir síðustu 5 ár.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.09.2018

  
Einar Halldórsson